



Umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. vegna framhaldsfyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsánægjukönnun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna – R21030227

Þann 10. september 2021 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði, með ósk um umsögn innan þriggja vikna.

Upphafleg fyrirspurn áheyrnarfulltrúans vegna starfsánægjukönnunar var send slökkviliðinu þann 12. ágúst sl. og umsögn um hana send skrifstofu borgarstjórnar 2. september sl.

Eftirfarandi er umsögn slökkviliðsstjóra, Jóns Viðars Matthíassonar.

Fyrirspurnin

„Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið með fyrirspurnir um hvað gengur á hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins. Niðurstöðu könnunarinnar um starfsánægju komu út rauðglóandi. Hvort næst að vinna einhverja úrbótavinnu er spurning. Stundum dugar ekki annað en að skipta um menn í brúnni. Í svörum er áberandi að reynt er að gera lítið úr vanlíðan fólks og skýla sér bak við “COVID”. Talað eru um vísbendingar um vanlíðan en ekki raunverulega vanlíðan. COVID skall á fyrir einu og hálfu ári en eitruð andrúmsloft verður ekki til á einu ári heldur mörgum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr í framhaldi: Hefur mönnum verið sagt upp störfum og hafa málaferli orðið vegna starfsloka hjá SHS?“

Uppsagnir hjá SHS

Frá því að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) tók til starfa árið 2000 hefur fimm starfsmönnum verið sagt upp störfum.

Fyrsta uppsögnin var á lausráðnum starfsmanni í hlutastarfi í dagvinnu þegar verkefni sem hann sinnti var úthýst. Ekki urðu málaferli vegna þess.

Önnur uppsögnin var vegna brota á starfsskyldum. Viðkomandi starfsmaður leitaði til lögfræðings þar sem hann taldi SHS hafa brotið meginreglur stjórnýsluréttar og uppsögnin væri því ólöglegt. Eftir frekari skoðun lét starfsmaður málið niður falla.

Þriðja og fjórða uppsögnin voru á grundvelli gr. 11.1.3.2 í kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga, þ.e. ráðningarsamningi nýliða sagt upp að loknu mati varðstjóra á frammistöðu þeirra áður en reynslutíma þeirra lýkur. Reynslutími nýliða í varðliði er 6 mánuðir skv. fyrrnefndri grein og fer símat fram á störfum þeirra allan tímann. Þetta fyrirkomulag er kynnt starfsfólki við ráðningu. Annar nýliðanna stefndi SHS vegna uppsagnarinnar og tapaði því máli fyrir dómi.

Fimmta uppsögnin var vegna brota starfsmanns á starfs- og trúnaðarskyldum. Málaferli urðu vegna þessa og lauk málinu árið 2019 með sátt um að SHS greiddi viðkomandi ógreidd laun vegna veikindaréttar fram að uppsögn og uppsafnað orlof sem haldið hafði verið eftir að ráðleggingu lögmanns SHS á meðan á málaferlum stóð.

Önnur málaferli vegna starfsloka hjá SHS

Málaferli vegna starfsloka önnur en greint er frá hér að ofan hafa engin verið.